**VIÐAUKI**

**SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS SEM AÐILDARLÖNDIN EIGA AÐ INNLEIÐA**

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

**SKILYRÐI EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS SEM AÐILDARLÖNDIN EIGA AÐ INNLEIÐA**

Aðildarlöndin skulu tryggja að eftirfarandi skilyrði eða takmarkanir er varða öryggi og verkun við notkun lyfsins sem lýst er hér á eftir séu framkvæmd:

Aðildarlöndin skulu komast að samkomulagi við markaðsleyfishafann um endanlegt fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk, áður en lyfið verður markaðssett í viðkomandi landi.

Aðildarlöndin skulu tryggja að markaðsleyfishafinn útvegi öllum læknum, sem reiknað er með að ávísi eða noti INCIVO, fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem samstendur af eftirfarandi:

- Samantekt á eiginleikum lyfs
- Fylgiseðli
- Leiðbeiningum fyrir lækna

Í leiðbeiningum fyrir lækna eiga að koma fram eftirfarandi lykilatriði:

- Niðurstöður um öryggi er varða útbrot og alvarlegar aukaverkanir á húð úr II. og III. stigs rannsóknum
- Tíðni útbrota og alvarlegra aukaverkana á húð
- Stigun og meðferð útbrota og alvarlegra aukaverkana á húð, sérstaklega með tilliti til viðmiðunar fyrir áframhaldandi meðferð eða stöðvun meðferðar með telapreviri og öðrum lyfjum sem meðhöndlað er með.
- Myndir af útbrotum á mismunandi stigi

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi